

Í byrjun mánaðar

Júní 2004

FRÁ MÓTUN
AÐ MANNVIRKI

Skarfabakki í framkvæmd

Útboð á byggingu hafnarbakkans, landgerðar og fergingar á þessu svæði stendur nú yfir. Hafnarbakkinn verður samtals um 500 m að lengd og þar verður mesta dýpi fyrir almennar skipaferðir í Reykjavík (-12m). Áætluð verklok á þessari framkvæmd eru 1. sept. 2006. Verkefnisstjóri er Jón Skúlason og aðalhönnuður mannvirkja með honum er Egill Viðarsson, burðarþolshönnuður á byggingasviði AV.

Færsla Hringbrautar

Nú í maíbyrjun var hafist handa við færslu Hringbrautar til suðurs. Verktaki eru Háfell og Eykt. Verklök verða 1. okt. 2005 og er framkvæmdakostnaður áætlaður um 1.3 milljarðar króna. Almenna, sem varð hlutskörpust í opnu útboði, sér um eftirlitsþáttinn í verkinu og leggur til verkefnisins öflugan eftirlitshóp. Emil Ágústsson, verkefnisstjóri af verkefnastjórnunarviði, er umsjónarmaður í verkinu.



Við gatnamót Hringbrautar/ Snorrabrautar



Við jarðhitasvæðið í Brennisteinsfjöllum.

STAV í Brennisteinsfjöllum

Nýlega var Sigmundur Einarsson, fagstjóri umhverfissviðs, í fararbroddi fríðs föruneytis sem arkaði í Brennisteinsfjöll á Reykjanesi. Hugmyndir eru uppi um gúfuaflsvirkjun á þessu svæði og fræddi Sigmundur ferðalanga um svæðið og það sem það hefur upp á að bjóða.

Bílabíó?

Fyrir á þessu ári varð Ístak ásamt Almennu hlutskörpast í alútbóði bílastæðahúss á Stjörnubíósreitnum. Almenna mun sjá um jarðtækni-, burðarþols-, lagna- og loftræsihönnun en Ístak um framkvæmdaþáttinn. Hönnun stendur nú yfir og áætlað er að framkvæmdir hefjist í sumar og ljúki haustið 2005. Áætlaður framkvæmdakostnaður er rúmlega 500 mkr. Það er okkur mikils virði að fá tækifæri til að halda áfram því góða samstarfi sem við höfum átt við Ístak á undanförunum misserum/árum.

Vatnsöflun fyrir Akraneskaupstað

Á undanförunum vikum hefur Almenna unnið fyrir OR að hönnun á endubótum vatnsöflunarmannvirkja í hlíðum Akrafjalls fyrir vatnsveitu Akraness. Áætlað er að framkvæmdir standi yfir í sumar. Verkefnisstjóri AV er Gísli K. Halldórsson.



Starfsmaður AV á Akranesi við mælingar.

Styrkar STOÐIR

Matsdeildin okkar hefur nýlega lokið við að meta allar fasteignir fasteignafélagsins Stoða hf. Nýrri aðferðarfræði var beitt við matið, þar sem m.a. var metin viðhaldsþörf fasteignanna út frá líftíma þeirra. Þá gerðu Stoðir og Almenna með sér þjónustusamning sem felur í sér að stofan endurskoðar matið á 6. mánaða fresti. Við bjóðum Stoðir hf. velkomið í hinn stóra hóp viðskiptavina okkar.

Aðveitustöð OR við Rauðavatn – leiðrétting

Í apríl-útgáfu ÍBM mátti skilja sem svo að Guðmundur okkar Ragnarsson, burðarþolshönnuður, væri verkefnisstjóri verkefnisins. Hið rétta er að Hjörtur Snorrason hjá Orkuveitunni er verkefnisstjóri OR í þessu verkefni. Biðjum við Hjört sem og Orkuveituna velvirðingar á þessum mistökum.

Nýir starfsmenn

Kristveig Sigurðardóttir

Er B.Sc. í umhverfis- og byggingarverkefni frá HÍ nú í vor. Hennar megin verkefni verða á virkjana- og samgöngusviði.



Þorbjörg Sævarsdóttir

Er nemi í umhverfis- og byggingarverkefni við HÍ. Hennar meginverkefni verða burðarþolshönnun og önnur störf á byggingasviði.



Við bjóðum þær velkomnar til starfa.

Starfslok

Gunnar Baldvinsson



Lauk störfum þann 1. maí. sl. Gunnar hefur starfað hjá AV frá stofun félagsins í apríl 1971. Við þökkum honum fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf.



Almenna verkfræðistofan hf.

Fellsmúla 26 • 108 Reykjavík
Sími: 580 8100 • Fax: 580 8101
av@almenna.is • www.almenna.is